



Ársrit Samkeppniseftirlitsins 2011

Endurreisn atvinnulífsins



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ
Borgartúni 26, 125 Reykjavík
www.samkeppni.is

Hönnun og umbrot: PORT hönnun
Ljósmyndir: Snorri Gunnarsson
Letur: Warnock Pro
Prentun: Svansprent

Efnisyfirlit

Þörf fyrir sjálfstætt og öflugt Samkeppniseftirlit	4
Ávarp formanns stjórnar	
Atvinnulífið þarf vind í seglin	5
Inngangur forstjóra	
Eignarhald banka á fyrirtækjum getur skaðað samkeppni	6
Hraða þarf endurskipulagningu atvinnufyrirtækja	8
Standa þarf vörð um samkeppni á fjármálamarkaði	9
Rannsókn á samkeppnislagaþrotum leiðir til breytinga á matvörumarkaði	10
Græn framtíð í samkeppnisumhverfi	12
Mikilvægar breytingar á samkeppnislögum til eflingar samkeppni	13
Annasamt ár í samkeppniseftirliti	14
Lækkun fjárveitinga mætt með aukinni forgangsroðun	16
Áherslur Samkeppniseftirlitsins á árinu 2011	17
Yfirlit yfir starfsemi	
Ákvarðanir	18
Álit	26
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála	26
Dómar - hérað	28
Dómar - Hæstiréttur	30





Þörf fyrir sjálfstætt og öflugt Samkeppniseftirlit

Ávarp formanns stjórnar

Þótt nú séu meira en tvö ár liðin frá hruni íslenska bankakerfisins er endurreisn atvinnulífsins stutt á veg komin. Ennþá ríkir óvissa um fjárhagstöðu margra fyrirtækja meðan ekki hefur verið tekið á skuldavanda þeirra. Aðgangur að erlendu lánsfé er takmarkaður og gjaldeyrishöft skerða athafnafrelsi.

„Það er sterkur vilji innan Samkeppniseftirlitsins til að það leggi sitt af mörkum við endurreisn íslensks atvinnulífs.“

Við þær umbreytingar sem framundan eru er mikilvægt að tryggja virka samkeppni. Reynslan hefur sýnt að samkeppni flýtir fyrir nauðsynlegri endurskipulagningu og hraðar efnahagsbata. Aðgerðir sem draga úr samkeppni koma í veg fyrir nauðsynlega nýsköpun og hafa á endanum neikvæð áhrif á hag neytenda.

Sérstaklega þarf að forðast of mikla samþjöppun í atvinnulífinu. Slíkt eykur hættu á samræmdum aðgerðum á markaði, dregur úr nýsköpun og gerir nýjum keppnautum erfitt fyrir. Því er mikilvægt að endurreisnin leiði ekki til nýrra viðskiptablokka sem hafi tögl og hagldir á mikilvægum mörkuðum.

Það er sterkur vilji innan Samkeppniseftirlitsins til að það leggi sitt af mörkum við endurreisn íslensks atvinnulífs. Núverandi aðstæður kalla á sjálfstætt og öflugt Samkeppniseftirlit sem er kröftugur málsvari samkeppninnar, veitir atvinnulífi og stjórnvöldum aðhald og getur brugðist hratt við samkeppnishamlandi hegðun.

Rögnvaldur J. Sæmundsson

Formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

Stjórn:

Rögnvaldur J. Sæmundsson, formaður
Inga Jóna Jónsdóttir
Jóhann R. Benediktsson

Varamenn:

Eyvindur G. Gunnarsson
Þóra Hjaltsted
Guðný Hrund Karlsdóttir



Atvinnulífið þarf vind í seglin

Inngangur forstjóra

Rúmum tveimur árum eftir efnahagshrunið er íslenskt atvinnulíf enn fast í krumlum krepplum. Mörg fyrirtæki berjast í bökkum, sum hafa verið endurskipulögð og eftir atvikum yfirtekin af viðskiptabönkum, enn önnur hafa lagt upp laupana.

Samkeppniseftirlitið hefur kappkostað að beita úræðum sínum til að flýta endurreisn atvinnulífsins. Nefna má að eftirlitið hefur bundið yfirtökur banka á atvinnufyrirtækjum skilyrðum til þess að minnka hættuna á að eignarhald banka raski samkeppni. Augljóst er að hlutverk banka sem eigenda atvinnufyrirtækja fer illa saman við hefðbundið hlutverk þeirra í fjármálaþjónustu við fyrirtæki. Samkeppniseftirlitið mun fylgja þessum skilyrðum eftir af festu.

Í því skyni að opna leiðir til að flýta uppbyggingu efnahagslífsins hefur Samkeppniseftirlitið einnig heimilað samstarf fjármálafyrirtækja í tengslum við lausnir á skuldavanda heimila og fyrirtækja. Þetta samstarf er þó bundið skilyrðum, enda skiptir miklu máli fyrir endurreisnina að virk samkeppni þrífist á fjármálaþjónustu. Með samkeppni finnast heilbrigðar leiðir til hagræðingar jafnframt því sem hagsmunir neytenda og fyrirtækja eru tryggðir.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið kappkostað að hafa vakandi auga með hvers konar samkeppnishindrunum sem mæta nýjum og smærri fyrirtækjum sem reyna að ná fótfestu og vaxa við hlið stærri keppinauta. Ef ekki er komið í veg fyrir hindranir af þessum toga er sérstök hætta á

að neytendur verði fórnarlömb skertrar samkeppni. Með þetta í huga hefur Samkeppniseftirlitið beitt samkeppnislögunum af festu. Tæpur milljarður króna í sektir á árinu 2010 er til vitnis um það.

Viðfangsefnin eru hins vegar nær ótakmörkuð. Það sýnir aukið álag á Samkeppniseftirlitið sem hefur þurft að mæta fleiri umfangsmiklum verkefnum með hertri forgangsröðun á síðustu misserum. Samkeppniseftirlitið hefur fært skýr rök fyrir auknum fjárveitingum og sterkari lagaheimildum.

Samkeppniseftirlitið ætlar að halda áfram að fylgjast vel með þróun mála og grípa til aðgerða þegar þörf krefur. Sem dæmi um það má nefna að Samkeppniseftirlitið er um þessar mundir að afla ítarlegra upplýsinga um stöðu um 120 fyrirtækja á mikilvægum samkeppnismörkuðum. Þar verður til skoðunar fjárhagsleg staða fyrirtækjanna, tengsl við banka og eigendur og breyting á samkeppnislegri stöðu vegna efnahagshrunsins.

Samkeppniseftirlitið mun því halda áfram að leggja sitt af mörkum til þess að tryggja að kraftar samkeppninnar stuðli að hraðari endurreisn atvinnulífs.

Páll Gunnar Pálsson

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Eignarhald banka á fyrirtækjum getur skaðað samkeppni

Yfirtökur banka á fyrirtækjum bundnar skilyrðum

Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa frá hrúni tekið yfir mörg atvinnufyrirtæki á samkeppnismörkuðum sem ekki geta staðið við skuldbindingar og sjá fram á rekstrarstöðvun. Slíkt eignarhald getur raskað samkeppni. Samkeppniseftirlitið fjallaði um mörg slík mál á árinu 2010.

Í desember 2009 gaf Samkeppniseftirlitið út umræðuskjal, nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning atvinnufyrirtækja - stefnumörkun*. Þar er fjallað um skuldavanda íslenskra fyrirtækja, samkeppnisleg álitæfni tengd honum og stefnumörkun Samkeppniseftirlitsins sett fram.

Í lok janúar 2010 kvað áfrýjunarnefnd samkeppnismála upp úrskurð nr. 18/2009 sem hafði mikla þýðingu við úrlausn þessara mála og gerði Samkeppniseftirlitinu kleift að fylgja fyrrgreindri stefnumörkun eftir. Samkvæmt úrskurðinum hefur Samkeppniseftirlitið heimild til að setja yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum skilyrði, enda þótt yfirtakan feli ekki í sér skörun á mörkuðum eða markaðsráðandi stöðu. Á grunni úrskurðarins hefur Samkeppniseftirlitið sett mörgum yfirtökum banka á fyrirtækjum skilyrði til þess að vinna gegn röskun á samkeppni.

Skilyrði fyrir eignarhaldi

Við setningu skilyrðanna hefur Samkeppniseftirlitið haft að leiðarljósi að fyrirtæki sem bankar taka yfir eigi ekki að hætta að keppa eða fara sér hægar í samkeppni. Slíkt myndi valda almenningi og öðrum viðskiptavinum tjóni. Einnig verður að tryggja að eignarhald banka leiði ekki til skaðlegrar röskunar á samkeppni sökum þeirra sérstöku kringumstæðna sem nú ríkja í atvinnulífi hér á landi. Með öðrum orðum fer hlutverk banka sem eigenda atvinnufyrirtækja illa saman við hefðbundið hlutverk þeirra í fjármálaþjónustu við fyrirtæki.

Samkeppniseftirlitið tók 13 ákvarðanir á árinu um yfirtökur stóru viðskiptabankanna þriggja á fyrirtækjum og setti þeim ítarleg skilyrði. Skilyrðin og forsendur þeirra eru birtar í ákvörðunum sem nálgast má á vef Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is. Að jafnaði hafa viðskiptabankarnir undirgengist sátt við eftirlitið, sem liggur til grundvallar viðkomandi ákvörðun.

Samkeppniseftirlitið mun fylgja því fast eftir að farið sé að framangreindum ákvörðunum. Hefur eftirlitið þegar hafið rannsóknir sem miða að því að ganga úr skugga um þetta.

Skilyrðin

Selja skal viðkomandi atvinnufyrirtæki innan tiltekins tíma.

Nánar: Sölufréttir eru mismunandi eftir aðstæðum í hverju máli.

Yfirtekin fyrirtæki starfi sem sjálfstæðir keppinautar á markaði.

Nánar: Rekstur falinn sjálfstæðu eignarhaldsfélagi sem staðsett er utan bankans. Skilyrði sett um stjórnarsetu í viðkomandi eignarhaldsfélögum og atvinnufyrirtækjunum sjálfum í því skyni að tryggja óhæði.

Setja skal þeim atvinnufyrirtækjum sem um ræðir eðlilegar arðsemiskröfur.

Nánar: Vinnur gegn því að bankar sjái sér hag í því að auka virði yfirtekinna fyrirtækja með því að fjármagna undirboð og stækka með því markaðshlutdeild fyrirtækjanna.

Takmarkar hættu á að stjórnendur og starfsmenn hinna yfirtekinna fyrirtækja líti á eignarhald banka sem vernd gegn hvers konar áföllum (e. moral hazard).

Bönkunum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli hinna yfirtekinna fyrirtækja og annarra fyrirtækja sem bankarnir eiga hluti í.

Nánar: Spornar gegn því að yfirtekið fyrirtæki og önnur fyrirtæki tengd tilteknum banka beini viðskiptum sínum hvert til annars, án þess að eðlilegar forsendur um viðskiptakjör liggja til grundvallar.

Bönkunum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli hinna yfirtekinna fyrirtækja og viðskiptavina bankanna.

Nánar: Sömu aðilar innan hvers banka mega ekki vera viðskiptastjórar annars vegar yfirtekinna fyrirtækja og hins vegar viðskiptavina eða keppinauta hinna yfirtekinna fyrirtækja. Tryggja skal að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli þessara fyrirtækja.

Birta skal ársuppgjör og hálfársuppgjör yfirtekinna fyrirtækja opinberlega auk margvíslegra upplýsinga um fyrirtækin og eignarhaldsfélög þeirra.

Nánar: Þetta er gert til að tryggja gegnsæi í rekstri fyrirtækjanna.

Tryggja skal ítarlegt og viðvarandi eftirlit innan bankanna með framkvæmd skilyrðanna, ásamt reglulegri skýrslugjöf til Samkeppniseftirlitsins.

Nánar: Bönkunum ber að tryggja að aðili óháður viðkomandi banka geti með trúverðugum hætti fylgst með því að farið sé eftir skilyrðunum. Þetta eftirlit er til viðbótar við almennt eftirlit sem Samkeppniseftirlitið annast.

Bankasamrunar þar sem Samkeppniseftirlitið hefur beitt íhlutun frá hruni

Yfirtökur tengdar Arion banka ...

- Samruni Kaupþings banka og Arion banka (ákv. nr. 49/2009)
- Yfirtaka Arion banka á Högunum (1998 ehf.) (ákv. nr. 6/2010)
- Yfirtaka Arion banka á Þyrpingu (ákv. nr. 21/2010)
- Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá (ákv. nr. 31/2010)

Yfirtökur tengdar Íslandsbanka ...

- Samruni Íslandsbanka og Icelandair Group (ákv. nr. 33/2009)
- Yfirtaka Glitnis banka á Íslandsbanka (ákv. nr. 48/2009)
- Yfirtaka Íslandsbanka á B&L og Ingvari Helgasyni (ákv. nr. 8/2010)
- Yfirtaka Íslandsbanka á Beví (ákv. nr. 16/2010)
- Yfirtaka Íslandsbanka á Eik Properties (ákv. nr. 22/2010)

Yfirtökur tengdar Landsbankanum (NBI)...

- Samruni Vestia og Teymis (ákv. nr. 7/2010)
- Samruni Vestia og Húsasmiðjunnar (ákv. nr. 10/2010)
- Yfirtaka Vestia á Plastprenti (ákv. nr. 20/2010)
- Yfirtaka Regins á Fasteignafélagi Íslands (ákv. nr. 19/2010)
- Yfirtaka Landsbankans á Límtré Vírnet (ákv. nr. 32/2010)

Aðrar yfirtökur ...

- Yfirtaka Arion, NBI, ÍSB, Haf funding og Glitnis á Reitum fasteignafélagi (áður Landic Property) (ákv. nr. 15/2010)
- Yfirtaka Byrs á Byr (ákv. 36/2010)



Hraða þarf endurskipulagningu atvinnufyrirtækja

Verkinu hefur miðað of hægt

Ljóst er að það getur haft mjög skaðleg áhrif á samkeppni og atvinnurekstur ef skuldavandamál rekstrarhæfra fyrirtækja eru ekki tekin föstum tókum. Samkeppnis-eftirlitið hefur beitt sér til þess að hraða þeirri endurskipulagningu. Því starfi verður haldið áfram.

Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja miðað hægt. Bankarnir hafa mótað mismunandi úrræði fyrir viðskiptavinum sína, en Alþingi samþykkti lög um sértæka skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja í október 2009. Gáfu Samtök fjármálafyrirtækja út verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun á grundvelli laganna. Samkvæmt skýrslu eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun, frá september 2010, höfðu bankar hins vegar aðeins samþykkt fjárhagslega endurskipulagningu 51 fyrirtækis þann 30. júní 2010.

Til að hraða þessu ferli og efla yfirsýn yfir samkeppnilega stöðu fyrirtækja mun Samkeppniseftirlitið huga sérstaklega að eftirfarandi verkefnum í starfi sínu:

- Eftirfylgni við ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins í samrunamálum þar sem bankar hafa yfirtekið fyrirtæki.
- Eftirliti með því að bankar tilkynni um yfirráð sín yfir atvinnufyrirtækjum í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga.
- Því hlutverki Samkeppniseftirlitsins skv. 8. gr. d. í samkeppnislögum að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja.

Samkeppniseftirlitið hefur og mun ráðast í ýmsar athuganir vegna þessa. Nefna má að óskað hefur verið eftir upplýsingum um stöðu um 120 fyrirtækja á mikilvægum samkeppnismörkuðum. Þar verður til skoðunar fjárhagsleg staða fyrirtækjanna, tengsl við banka og eigendur og breyting á samkeppnislegri stöðu vegna efnahagshrunsins.

Nokkur verkefni Samkeppniseftirlitsins frá bankahruni, sem varða sérstaklega endurreisn atvinnulífsins:

- **Nóvember 2008:** Álit nr. 3/2008, *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*. Tíu kjarnareglum um samkeppni beint til bankanna.
- **Nóvember 2008:** Skýrsla nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnulífs*. Stefnumótun vegna efnahagshrunsins sett fram, fjallað um 15 mikilvæga samkeppnismarkaði og bent á leiðir til að auka samkeppni.
- **September 2009:** Skýrsla norrænu samkeppniseftirlitanna, *Competition Policy and Financial Crises – Lessons Learned and the Way Forward*. Í skýrslunni er rökstutt að áhersla á samkeppni séu rétt viðbrögð við efnahagskreppum.
- **Desember 2009:** Umræðuskjal nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja*. Fjallað er um skuldavanda íslenskra fyrirtækja og samkeppnisleg álitafni tengd honum.
- **Mars-desember 2010:** Yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum sett ítarleg skilyrði.
- Frá hruni hefur Samkeppniseftirlitið lagt stund á fjölmargar rannsóknir og tekið ákvarðanir sem miða að opnun markaða og eflingu samkeppni á viðkomandi sviðum.

Standa þarf vörð um samkeppni á fjármálamarkaði

Samkeppniseftirlitið setur skilyrði fyrir samstarfi og varar við of mikilli samþjöppun

Ein forsenda þess að vel takist til við endurreisn atvinnulífs og endurskipulagningu fyrirtækja er að fjármálastarfsemi hér á landi verði framvegis grundvölluð á virkri samkeppni sjálfstæðra keppinauta. Þetta þarf að hafa í huga þegar hugað er að hagræðingu á fjármálamarkaði og samstarfi banka um úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja.

Það er eindregin afstaða Samkeppniseftirlitsins að hagræðingu á fjármálamarkaði verði best fyrir komið með því að efla samkeppni fremur en að draga úr henni með samkeppnishamlandi samrunum fyrirtækja. Það eru hvatar virkrar samkeppni sem líklegastir eru til þess að leiða til eðlilegrar hagræðingar, þar sem vörður er jafnframt staðinn um samkeppnishæf kjör og þjónustu.

Ekki er ástæða til að útiloka fyrirfram frekari samruna fjármálfyrirtækja, einkum smærri fjármálfyrirtækja, innbyrðis eða við stóru viðskiptabankana. Hins vegar

er skynsamlegt að leita allra leiða til hagræðingar innan stóru bankanna þriggja, áður en leitað er lausna með samrunum þeirra í milli.

Undanþágur til samstarfs

Hagsmunir almennings og fyrirtækja þurfa að vera í forgrunni þegar fjármálfyrirtæki leita samstarfs um úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja, að eigin frumkvæði eða frumkvæði stjórnvalda. Með þetta í huga hefur Samkeppniseftirlitið sett samstarfi fjármálfyrirtækja skorður þegar undanþágur frá banni við samráði hafa verið veittar.

Skilyrðin miða að því að takmarka hættuna á því að samstarf skaði hagsmuni almennings og fyrirtækja með því að draga úr samkeppni til lengri tíma lítið. Samstarfið er í öllum tilvikum tímabundið, má einungis taka til nánar tilgreindra atriða og lýtur eftirliti.

Yfirlit yfir undanþágur sem Samkeppniseftirlitið hefur veitt fjármálfyrirtækjum til samstarfs:

		Gildir til
Samkomulag fjármálfyrirtækja og lífeyrissjóða um skilmálabreytingu fasteignaveðlana vegna greiðsluáðlögunar.	58 og 59/2008	1. janúar 2010
Samræmd beitingar greiðsluferfiðleikaúrræða er varða fasteignaveðlán einstaklinga	16/2009	ársloka 2010 og ársloka 2012
Samkomulag um tímabundna innheimtu fastrar og samræmdrar fjárhæðar af erlendum fasteignaveðlánunum.	Bréf, 7.7.2010	1. nóvember 2010
Úrlausn á greiðsluvanda fyrirtækja (verklagsreglur um lágmarksviðmið skv. lögum nr. 107/2009).	23/2010	ársloka 2011
Samstarf aðildarfélaga Samtaka fjármálfyrirtækja um dómsmál vegna lána í erlendri mynt.	24/2010	1. febrúar 2011
Samkomulag um beitingu greiðsluöfnunar fyrir verðtryggð bílalan og bílasamninga einstaklinga og bílalan og bílasamninga í erlendri mynt.	Bréf, 29.9.2010.	ársloka 2011
Samkomulag um beitingu greiðsluöfnunar með þaki á lengingu greiðsluferfiðleikaúrræða skv. ákv.16/2009.	Bréf, 12.10.2010	ársloka 2011
Samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja	35/2010	ársloka 2011

Rannsókn á samkeppnislaga- brotum leiðir til breytinga á matvörumarkaði

Hagar og sex kjötvinnslufyrirtæki breyta starfsháttum sínum

Í tengslum við rannsókn á samskiptum Haga og átta kjötvinnslufyrirtækja hafa þau, að undanskildum tveimur kjötvinnslufyrirtækjum, viðurkennt brot á samkeppnislögum, greitt 405 m.kr. í stjórnvaldssektir og fallist á að gera umtalsverðar breytingar á starfsháttum sínum.

Samkeppniseftirlitið birti í desember 2010 ákvörðun nr. 33/2010, þar sem greint er frá brotum verslana Bónuss í eigu Haga og kjötvinnslufyrirtækja á samkeppnislögum. Kjötvinnslufyrirtækin sem um er að ræða eru Kjarnafæði, Kjötbankinn, Kjötafurðastöð KS, Norðlenska, Reykjagarður og Sláturfélag Suðurlands.

Eftir að fyrirtækjunum var kynnt frumniðurstaða Samkeppniseftirlitsins í málinu sneru þau sér hvert í sínu lagi til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir því að ljúka málinu með sátt. Á þeim grundvelli nýtti Samkeppniseftirlitið heimild samkeppnislaga og gerði sátt við fyrirtækin.

Tölvupóstur og önnur gögn sýna að annars vegar Bónus og hins vegar kjötvinnslufyrirtækin sex höfðu nána samvinnu um smásöluverð Bónuss og afslætti frá því.

Síld og fiskur og Matfugl, sem rannsóknin beinist einnig að, óskuðu eftir sáttarviðræðum við Samkeppniseftirlitið en þær viðræður skiluðu ekki niðurstöðu. Þáttur þessara fyrirtækja er því enn til rannsóknar. Niðurstaðan í fyrrgreindri ákvörðun tekur því aðeins til þeirra fyrirtækja sem gert hafa sátt við eftirlitið.

Samstarf um verðlagningu

Brotin voru framin með tvíhliða samningum eða samstilltum aðgerðum í tengslum við smásöluverðlagningu á kjöti og unnum kjötvörum sem kjötvinnslufyrirtækin hafa verðmerkt fyrir Haga (svokölluð forverðmerking).

Ákvæði samkeppnislaga banna framleiðendum og smásöllum að hafa með sér samráð um endursöluverð (lóðrétt verðsamráð). Tölvupóstur og önnur gögn sýna að annars vegar Bónus og hins vegar kjötvinnslufyrirtækin sex höfðu nána samvinnu um smásöluverð Bónuss og afslætti frá því. Fólst í þessu mun meiri samvinna heldur en einföld samskipti um verðmerkingar á kjöti og unnum kjötvörum. Voru brotin til þess fallin að valda samkeppnislegu tjóni.

Breytingar á starfsháttum

Til þess að vinna gegn frekari brotum á samkeppnislögum og skapa skilyrði fyrir aukna samkeppni hafa umrædd fyrirtæki fallist á að hlíta tilteknum fyrir-mælum og skilyrðum. Í þeim felst m.a. að verðmerkingum kjötvinnslufyrirtækja fyrir Haga og umræddra kjötvinnslufyrirtækja fyrir aðrar smásöluverslanir lýkur í áföngum á næsta ári. Einnig er lagt bann við því að verslanir Haga gefi upp afslátt á kjötvörum nema um raunverulega lækun frá gildandi smásöluverði sé að ræða.

Niðurstaða þessa máls er liður í almennri viðleitni Samkeppniseftirlitsins til að tryggja að samstarf m.a. kjötvinnslufyrirtækja og matvöruverslana raski ekki samkeppni. Má búast við því að eftirlitið beiti sér frekar á þessu sviði og gagnvart fyrirtækjum sem ekki eru hluti af framangreindu stjórnáslumáli.

Breytingar sem ákvörðunin lýtur að:

- Hagar og umrædd kjötvinnslufyrirtæki hætta öllum samskiptum um smásöluverð, afslætti frá smásöluverði og smásöluálagningu.
- Frá og með 1. mars 2011 hætta Hagar að taka við öllum kjötvörum með smásöluverði sem eru staðlaðar hvað varðar magn, umbúðir og innihald.
- Eftir 1. júní 2011 hætta verslanir Haga alfarið að taka við öðrum kjötvörum sem merktar eru með smásöluverði.
- Högum er óheimilt að veita afslætti af kjötvörum nema um raunlækkun sé að ræða frá gildandi smásöluverði. Það er bæði samkeppnishamlandi og villandi gagnvart neytendum að gefa til kynna að vara sé á tilboði (t.d. 10% afslætti) þegar í raun er aðeins verið að selja hana á því verði sem almennt gildir í viðkomandi verslun.
- Kjötvinnslufyrirtækjunum er veittur sami aðlögunartími og verslunum Haga til að breyta fyrirkomulagi við verðmerkingar á kjöti. Gilda þær gagnvart Högum og öllum öðrum endurseljendum sem eru í viðskiptum við kjötvinnslufyrirtækin.
- Kjötvinnslufyrirtækjunum er óheimilt að gefa út eða birta leiðbeinandi eða fast smásöluverð á vörum sínum, s.s. með útgáfu á verðlistum.

27. september 2010 var gerð sátt við Haga. Greiða Hagar 270 m.kr. í stjórnvaldssekt.

1. október 2010 var gerð sátt vegna Sláturfélags Suðurlands og Reykjaráðs en þessi fyrirtæki eru hluti af sömu fyrirtækjasamstæðu. Greiða þau 45 m.kr. samtals í stjórnvaldssekt.

1. október 2010 var gerð sátt vegna Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga. Greiðir félagið 40 m.kr. í stjórnvaldssekt.

6. október 2010 var gerð sátt við Norðlenska og greiðir fyrirtækið 30 m.kr. í stjórnvaldssekt.

8. október 2010 var gerð sátt við Kjarnafæði og greiðir fyrirtækið 20 m.kr. í stjórnvaldssekt.

12. nóvember 2010 var gerð sátt vegna Kjötbankans. Í henni eru viðurkennd brot fyrirtækisins. Forsendur voru hins vegar ekki til álagningar sekta m.a. vegna gjaldþrots Kjötbankans.



Græn framtíð í samkeppnisumhverfi

Huga þarf að samspili samkeppnisstefnu og umhverfisstefnu

Það er afar þýðingarmikið að stuðla að því að heilbrigð samkeppni geti farið saman við stefnu stjórnvalda um að draga úr skaðlegum áhrifum sem framleiðsla og neysla hafa á umhverfið. Þetta á við bæði vegna þess að virk samkeppni stuðlar að bættum hag neytenda og vegna þess að virk samkeppni getur aukið skilvirkni umhverfisstefnu.

Í framtíðinni er fyrirsjáanlegt að vistvæn gildi og stefnumál muni hafa mun meiri áhrif á efnahagsstefnu stjórnvalda og markaðsstarfsemi heldur en hingað til. Helstu alþjóðastofnanir leggja nú mikla áherslu á að búa í haginn fyrir vistvænan hagvöxt.


Samkeppni stuðlar almennt að aukinni framleiðni og nýsköpun, sem eru mikilvægir þættir við mótun vistvænna efnahagsumhverfis. Jafnframt getur virk samkeppni stuðlað að því að umhverfisstefna skili betri árangri á mörkuðum. Þannig eykur virk samkeppni líkurnar á að umhverfisstefna skili tilætluðum árangri jafnhliða því sem hagur neytenda af virkri samkeppni er tryggður. Um þetta er fjallað í nýrri skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna, *Competition Policy and Green Growth*.

Í skýrslunni er bent á að umhverfisstefna getur í sumum tilvikum leitt til minni samkeppni, þó markmið umhverfisstefnu og samkeppnisstefnu séu í grundvallaratriðum hin sömu, þ.e. að verja og efla

almenna velferð. Því er mikilvægt að leitað sé leiða við úrlausn umhverfismála sem raska samkeppni eins lítið og mögulegt er.

Í skýrslunni er helstu þáttum umhverfisstefnu lýst, farið yfir úrlausnaraðgerðir sem stjórnvöld geta beitt til að draga úr skaðlegum áhrifum markaðsstarfsemi á umhverfið og þá eru hugsanleg áhrif þessara aðgerða á samkeppni greind. Mælt er með því að stjórnvöld beiti aðgerðum sem styðjast við markaðsúrlausnir, s.s. grænum sköttum og sölu losunarheimilda, í sem mestum mæli til þess að ná tilætluðum árangri.

Skýrslan var sérstaklega kynnt ráðuneytum, stofnunum atvinnulífs og umhverfismála, alþingismönnum og hagsmunasamtökum í atvinnulífinu. Hún er aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins ásamt íslenskri þýðingu á samantekt.



Mikilvægar breytingar á samkeppnislögum til eflingar samkeppni

Heimildir samkeppnislaga þurfa að taka mið af aðstæðum

Með breytingum á samkeppnislögum sem eru til umfjöllunar á Alþingi yrði Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til að grípa til aðgerða til að efla samkeppni, þ.m.t. uppskiptingu markaðsráðandi fyrirtækja, án þess að sýna fram á að viðkomandi fyrirtæki hafi gerst brotlegt við bannreglur samkeppnislaga.

Samkvæmt núgildandi samkeppnislögum hefur Samkeppniseftirlitið heimild til þess að krefjast skipulagsbreytinga á fyrirtækjum í þeim tilvikum þar sem slík aðgerð er nauðsynleg til þess að stöðva brot á samkeppnislögum.

Ljóst er að samkeppnishömlur geta í vissum tilvikum átt rót sína að rekja til annarra atriða en samruna eða brota fyrirtækja á bannreglum samkeppnislaga. Hugsanlegt er t.d. að fyrirtæki sé í slíkri yfirburðastöðu á markaði að tilvist þess í óbreyttu formi geti útilokað eða takmarkað að verulegu leyti samkeppni. Í slíkum tilvikum felst hið samkeppnislega vandamál ekki í brotlegri hegðun viðkomandi fyrirtækis heldur í því að yfirburðastaða þess sem slík raskar samkeppni.

Samkvæmt frumvarpinu yrði Samkeppniseftirlitinu m.a. heimilt að skipta upp markaðsráðandi fyrirtækjum ef eftirlitið getur sýnt fram á það með fullnægjandi rökum að staða þeirra á markaðnum feli í sér alvarlega röskun á samkeppni. Verður Samkeppniseftirlitið í því samhengi að skilgreina viðkomandi markað og leiða í ljós með skýrum hætti þær samkeppnishömlur sem um er að tefla.

Í skýringum með frumvarpinu er áréttað að aðeins yrði gripið til uppskiptingar á fyrirtækjum í undantekningar-tilvikum þegar ekki væru fyrir hendi jafnárangursrík og minna íþyngjandi úrræði. Bæri Samkeppniseftirlitinu að horfa til almannahagsmuna við ákvarðanatöku og því ljóst að heimildinni yrði ekki beitt án þess að fram hefði farið heildarmat á þeim hagsmunum sem um væri að ræða.

Samkvæmt frumvarpinu yrði Samkeppniseftirlitinu enn fremur heimilað að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Slík heimild hefur ekki verið til staðar. Í skýringum með frumvarpinu kemur fram að hlutverk eftirlitsins sé meðal annars að vernda þá lögvörðu almannahagsmuni sem felast í virkri samkeppni og því sé óeðlilegt að það geti ekki gætt almannahagsmuna til sóknar fyrir dómstólum.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi á 138. löggjafarþingi (2009-2010) en hlaut ekki afgreiðslu. Það var lagt fram að nýju á 139. löggjafarþingi (2010-2011) og var til 2. umræðu í lok árs 2010.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu:

- Rýmkaðar heimildir til að grípa til íhlutunar gegn aðstæðum eða háttsemi sem raskar samkeppni, án þess að sýnt sé fram á brot viðkomandi fyrirtækis á samkeppnislögum.
- Samkeppniseftirlitinu heimilað að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla.
- Sérstakt samrunagjald, 250.000 kr., skal greiða með hverri samrunatilkynningu til Samkeppniseftirlitsins.
- Sérstakt kærugjald, 200.000 kr., skal greiða við kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Annasamt ár í samkeppniseftirliti

Tæpur milljarður í sektir

Á árinu 2010 sektaði Samkeppniseftirlitið níu aðila um samtals tæpan milljarð króna í fimm málum. Af þessum níu aðilum voru sjö sektaðir vegna ólögmæts samráðs, einn fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu og einn fyrir brot á tilkynningaskyldu vegna samruna.

Hæsta sektin, 400 m.kr., var lögð á Skiptasamstæðuna vegna rannsóknar á ólögmætu samráði milli Tækni-vara ehf., dótturfélags Skipta, og Hátækni ehf., á heild-sölumarkaði fyrir sölu á farsímum. Í kjölfar húsleita í apríl og maí sl. sneru Skipti sér til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir að veita liðsinni við rannsókn málsins. Var málinu í framhaldinu lokið með sátt gagnvart Skiptasamstæðunni, en málið gagnvart Hátækni er enn til meðferðar.

Þá sektaði Samkeppniseftirlitið Haga hf. og fimm kjötvinnslufyrirtæki um samtals rúmar 400 m.kr. vegna samkeppnishamlandi samstarfs. Nánar er fjallað um þetta annars staðar í ársritinu.

Á fyrri hluta ársins var fyrirtækið Lyf og heilsa hf. sektað um 130 m.kr., en fyrirtækið var talið hafa misnotað markaðsráðandi stöðu með aðgerðum sem höfðu það að markmiði að hindra að nýr keppinautur í lyfsölu á

Akranesi næði fótfestu á markaðnum. Lyf og heilsa kærðu ákvörðunina til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem staðfesti brotin en lækkaði sektirnar um 30 m.kr.

Gripið inn í 15 samruna

Á árinu 2010 tók Samkeppniseftirlitið rúmlega 23 ákvarðanir í samrunamálum samanborið við 24 ákvarðanir á árinu 2009. Langflestir samrunanna vörðudu yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum. Setti Samkeppniseftirlitið 15 þessara samruna ítarleg skilyrði sem nánar er fjallað um annars staðar í ársriti þessu.

Fjórar húsleitir

Samkeppniseftirlitið framkvæmdi fjórar húsleitir á árinu 2010. Ein húsleitanna varðar grun um misnotkun á markaðsráðandi stöðu og þrjár þeirra grun um ólögmætt samráð.

Mörg mál fyrir áfrýjunarnefnd og dómstólum

Talsvert er látið reyna á málsmeðferð og ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins. Á árinu 2010 féllu 13 úrskurðir í áfrýjunarnefnd samkeppnismála, auk þess sem 10 mál voru til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur eða Hæstarétti.

Sektir á árinu 2010


	Ákvörðun	Fyrirtæki	Eðli brots	Sektir	Áfrýjunarnefnd
1.	33/2010	Hagar hf.	Ólögmætt samráð	270.000.000	Ekki kært
2.	33/2010	Sláturfélag Suðurlands svf. og Reykjagarður hf.	Ólögmætt samráð	45.000.000	Ekki kært
3.	33/2010	Kaupfélag Skagfirðinga (Kjötafurðastöð KS)	Ólögmætt samráð	40.000.000	Ekki kært
4.	33/2010	Norðlenska hf.	Ólögmætt samráð	30.000.000	Ekki kært
5.	33/2010	Kjarnafæði hf.	Ólögmætt samráð	20.000.000	Ekki kært
6.	30/2010	Ívar ehf.	Brot á tilkynningaskyldu vegna samruna	12.000.000	Ekki kært
7.	27/2010	Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði	Ólögmætt samráð	4.000.000	Ekki kært
8.	Sátt júní 2010	Skipti hf., Síminn hf. og Tæknivörur hf.	Ólögmætt samráð	400.000.000	Ekki kært
9.	4/2010	Lyf og heilsa hf.	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	130.000.000	100.000.000

951.000.000

Málum til meðferðar fjölga stöðugt

Frá bankahruni hafa verkefni Samkeppniseftirlitsins aukist til muna, bæði fjöldi athugana og umfang þeirra. Þessi þróun kemur glögg fram í málafjölda hjá Samkeppniseftirlitinu. Á myndinni hér að neðan sést hvernig málum hefur fjölgað jafnt og þétt frá bankahruni. Fyrir bankahrunið hafði málafjöldi hins vegar haldist stöðugur um alllangt skeið.

Fjöldi mála




Rétt er að taka fram að málavelta er mikil í Samkeppniseftirlitinu. Þannig er áætlað að á annað hundrað málum hafi lokið á árinu 2010. Af þeim lauk 36 með ákvörðun sem birt var á vef eftirlitsins.

Aukin verkefni hafa áhrif á málshraða


Á liðnum árum hefur Samkeppniseftirlitið kappkostað að stytta meðferð mála. Talsverður árangur hefur náðst í þessu efni. Ljóst er hins vegar að aukin verkefni og fjölgun mála hafa áhrif á málshraða. Þannig liggur fyrir að mál taka nú lengri tíma að meðaltali en á árunum 2007 og 2008.

Lengd málsmeðferðar í mánuðum (meðaltal)



Samanburður á aldri mála á milli ára gefur sömu mynd. Þannig er lægra hlutfall mála á nýliðnu hausti stofnuð á árinu, samanborið við árið 2007, en hærra hlutfall mála eru stofnuð árið á undan.

Aldursskipting mála



Nokkur atriði sem hafa áhrif á málshraða:

- Fjöldi sérfræðinga hjá Samkeppniseftirlitinu og rekstrarsvigrúm að öðru leyti.
- Hversu flókin athugunin er.
- Gagnamagn og umfang.
- Fjöldi aðila máls.
- Afstaða aðila og lögmanna til málsmeðferðar.
- Fjöldi og umfang samrunamála sem rekin eru samhliða, en þau eru rekin á lögbundnum tímafrestum og njóta því forgangs.
- Fjöldi og umfang mála hjá stofnuninni.
- Fjöldi og umfang mála fyrir áfrýjunarnefnd og dómstólum, en þau njóta forgangs vegna fresta sem settir eru.
- Forgangsröðun mála.
- Sönnunarkröfur í málum.
- Kröfur til meðferðar mála, m.a. skv. stjórnarsýslulögum.

Lækkun fjárveitinga mætt með aukinni forgangsröðun

Fjárveitingar lækkaðar á árinu 2010

Fjárveitingar á árinu 2010 námu 285 m.kr., sem jafngilti 30,8 m.kr lækkun að raungildi frá fjárlögum ársins 2009. Samkeppniseftirlitið hefur leitast við að mæta minna rekstrarsvigrúmi, nýjum verkefnum og fjölgun mála með skýrari forgangsröðun. Í því felst að eftirlitið beitir strangari viðmiðum við mat á því hvort taka skuli mál til rannsóknar. Þá hefur verið dregið úr vinnu við tiltekna verkefnaflokka í því skyni að efla og viðhalda vinnu á öðrum sviðum. Þrátt fyrir þetta eru vísbendingar um að hægt hafi á meðferð mála, eins og rakið var fyrr í ársritinu.

Ákvarðanir um forgangsröðun hafa mætt gagnrýni eins og vænta mátti. Nefna má að ákvarðanir um að taka mál ekki til rannsóknar hafa sætt kæru til áfrýjunarnefndar í tveimur tilvikum á árinu.

Fjárlagaerindi fyrir árið 2011 – farið fram á aukningu

Fjárlagaerindi Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2011 fylgdi ítarleg greining á verkefnum þess eftir bankahrun. Setti Samkeppniseftirlitið m.a. fram eftirfarandi mat:

1. Almennt verkefnaálag hefur vaxið um 30% frá bankahruni. Þessi aukning lýsir sér m.a. í fjölgun mála og lengri málsmeðferð. Reynt er að mæta aukningunni með forgangsröðun og auknu vinnuframlagi. Takmörk eru fyrir hvoru tveggja.
2. Afskipti af yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum, einkum eftirfylgni við ítarleg skilyrði sem yfirtökunum verða og hafa verið settar, eru umfangsmikil verkefni sem koma til viðbótar hefðbundnum verkefnum.
3. Ný heimild um uppskiptingu fyrirtækja, verði hún að lögum, mun fela í sér viðbót við núverandi verkefni eftirlitsins.

Jafnframt gerði Samkeppniseftirlitið grein fyrir framkvæmd hagræðingarkröfu sem sett hafði verið fram af hálfu stjórnvalda. Samandregið setti eftirlitið fram eftirfarandi tillögur:

Tillögur Samkeppniseftirlitsins:

1) Eftirlit með eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum	25 m.kr
2) Beiting nýrrar heimildar um uppskiptingu fyrirtækja	30 m.kr
3) Aukning í almennu samkeppniseftirliti í framhaldi af bankahruni (30% aukn.)	85 m.kr
4) 10% hagræðing sbr. hagræðingarkröfu	-29 m.kr
Samtals:	111 m.kr

Í fjárlögum fyrir árið 2011 er kveðið á um auknar fjárveitingar samkvæmt 1. og 2. lið, að teknu tilliti til hagræðingarkröfu. Ekki var fallist á stærsta liðinn, þ.e. aukningu í almennu samkeppniseftirliti í framhaldi af bankahruni. Gert er ráð fyrir að framlag á fjárlögum til Samkeppniseftirlitsins nemi 314,3 m.kr., sem jafngildir hækkun að fjárhæð 24,1 m.kr.





Áherslur Samkeppniseftirlitsins á árinu 2011

Starfsemi Samkeppniseftirlitsins er byggð á stefnu- miðaðri árangursstjórnun. Stjórn og starfsmenn endurskoða reglulega stefnu og markmið Samkeppnis- eftirlitsins með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Á þessu ári hefur stjórnin fjallað nokkrum sinnum um stefnu og markmið stofnunarinnar við núverandi aðstæður.

Hraða þarf endurreisn atvinnulífsins

Sýnt hefur verið fram á að virk samkeppni flýtir efna- hagsbata. Samkeppniseftirlitið hefur beitt heimildum samkeppnislaga til þess að stuðla að þessu og mun leggja sérstaka áherslu á að halda því áfram á næsta ári.

Þannig mun Samkeppniseftirlitið áfram leggja áherslu á að tala fyrir mikilvægi samkeppnislaga við endurreisn atvinnulífsins, ráðast gegn hindrunum sem nýir og smærri aðilar mæta á samkeppnismörkuðum og síðast en ekki síst að skapa aga við endurskipulagningu banka

á atvinnufyrirtækjum. Samhliða og sem lið í þessu keppir Samkeppniseftirlitið að því að afla ítarlegra upplýsinga um samkeppnisaðstæður á mörkuðum.

Starf á traustum grunni

Til þess að þetta gangi eftir mun Samkeppniseftirlitið leitast við að viðhalda sjálfstæðri starfsmannastefnu, en hún er grundvöllur þess að eftirlitið geti laðað að og haldið hæfasta starfsfólki sem völ er á.

Þá leggur eftirlitið áherslu á að viðhalda frumkvæði í starfsemi sinni, með athugunum á samkeppnis- mörkuðum og nýjum starfsaðferðum þegar við á.

Samkeppniseftirlitið mun herða enn forgangsröðun mála til þess að hafa svigrúm til að fást við mikilvæg mál sem varða samkeppnishindranir á mörkuðum og endurreisn atvinnulífsins. Þá mun eftirlitið leitast við að auka gegnsæi í starfsemi sinni.

Stefnuyfirlýsing Samkeppniseftirlitsins:

Samkeppniseftirlitið stuðlar að virkri samkeppni almenningi til hagsbóta.

Gildi sem Samkeppniseftirlitið leggur til grundvallar í starfi sínu:

Fagmennska, áræðni, sjálfstæði.

Yfirlit yfir starfsemi

Hér á eftir eru reifaðar ákvarðanir og álit Samkeppniseftirlitsins sem birtar hafa verið á heimasíðu þess á árinu 2010. Ennfremur eru reifaðir úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála og dómar sem fallið hafa á sama tímabili.

Ákvarðanir

Ekki íhlutun

Samruni Íslandsbanka og Geysis Green Energy

Númer máls: 1/2010

Efni máls: Samrunamál

Íslandsbanki komst í þá stöðu að geta valið alla stjórnarmenn Geysis Green Energy og fór bankinn því með yfirráð yfir félaginu. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.

Íhlutun

Sennileg misnotkun Íslandspóst hf. á markaðsráðandi stöðu

Númer máls: 1/2010 – bráðabirgða-ákvörðun

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Í bráðabirgðaákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að sennilegt væri að Íslandspóstur hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína í samskiptum sínum við Póstmarkaðinn, þegar síðarnefnda fyrirtækið leitaði samninga við Íslandspóst. Var talið í ákvörðuninni að Íslandspóstur hefði með skilmálum sínum gagnvart Póstmarkaðnum mismunað aðilum með ólögætum hætti. Var það gert annars vegar með því að bjóða viðskipti á grundvelli mánaðarlegs magns en ekki árlegs magns (eins og skilmálar Íslandspósts í gjaldskrá fyrir stórnotendur gera ráð fyrir) og hins vegar með því að gera kröfu um aðra skilmála varðandi flokkun og afhendingu pósts sem aðrir stórnotendur þurfa ekki að lúta. Jafnframt var talið að skilmálarnir gætu falið í sér sölusynjun. Þykir nægilega í ljós leitt að um hafi verið að ræða óeðlileg viðbrögð markaðsráðandi fyrirtækis við mögulegri samkeppni.

Að mati Samkeppniseftirlitsins mátti ætla að um alvarleg brot væri að ræða sem væru til þess fallin að raska samkeppni. Einnig var nægilega líklegt að bið eftir endanlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins gæti leitt til röskunar á samkeppni. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að beina þeim fyrirmælum til Íslandspósts að semja við Póstmarkaðinn á tilteknum forsendum. Gilti bráðabirgðaákvörðunin til 1. ágúst 2010.

Ekki íhlutun

Samruni Atafls ehf. og Ris ehf.

Númer máls: 2/2010

Efni máls: Samrunamál

Félaginu AR-verk var ætlað að taka yfir starfsemi Ris ehf. og Atafls ehf. og rekstur tiltekinn tengdra félaga. Félögin starfa við verktaka- og byggingastarfsemi. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.

Íhlutun

Meint brot Símanns hf. á markaði fyrir farsímabjónustu

Númer máls: 2/2010 – bráðabirgða-ákvörðun

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Í bráðabirgðaákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að sennilegt væri að Síminn hefði gripið til umfangsmikilla ólögættra aðgerða sem miðuðu að því að ná verðmætum viðskiptavinum frá Nova með sértækum verðlækkunum og óeðlilegri notkun á trúnaðarupplýsingum um símnotkun viðskiptavina Nova. Útbjó Síminn lista sem höfðu að geyma sundurgreinanlegar upplýsingar um mörg þúsund viðskiptavini Nova. Umræddir listar innihéldu ekki aðeins upplýsingar um símanúmer og nöfn viðkomandi viðskiptavina Nova heldur jafnframt kennitölur, heimilisföng og í mörgum tilvikum starfsheiti þeirra. Auk þess komu fram upplýsingar um fjölda símtala hvers og eins, lengd þeirra í mínútum eða sekúndum og lengd meðalsímtals. Á grundvelli þessara upplýsinga gat Síminn beitt sér gagnvart

mikilvægum viðskiptavinum Nova. Í bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins var talið að sennilega væri um að ræða misnotkun Símans á markaðsráðandi stöðu og brot á 11. gr. samkeppnislaga.

Síminn lýsti því yfir að fyrirtækið hygðist hætta allri notkun á umræddum upplýsingum. Í ljósi þess var ekki talið rétt að beina fyrirmælum til fyrirtækisins skv. 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Með hliðsjón af því að auðvelt væri fyrir Símann að halda aðgerðunum áfram og fyrri brota Símans taldi Samkeppniseftirlitið rétt að birta bráðabirgðaákvörðunina og gefa út opinbera tilkynningu, sbr. 36. gr. samkeppnislaga.

Íhlutun

Undanþága frá samstarfi Atlantsolíu ehf. og Skeljungs hf.

Númer máls: 3/2010

Efni máls: Undanþágur

Samkeppniseftirlitið veitti Atlantsolíu og Skeljungi undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga til samstarfs skv. 15. gr. samkeppnislaga. Fólst samstarfið í því að Skeljungur annast flutning eldsneytis í eigu Atlantsolíu, landaði því í birgðastöð sína og flutti svo til útsölustaða Atlantsolíu. Undanþágan var tímabundin til þriggja mánaða og voru félögin skuldbundin til að tilkynna um allar verðbreytingar og söluskilmála á meðan á samstarfinu stóð.

Íhlutun

Misnotkun Lyfja og heilsu hf. á markaðsráðandi stöðu sinni

Númer máls: 4/2010

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Lyf og heilsa hf. hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem höfðu það markmið að hindra að nýr keppinautur á sviði lyfsölu á Akranesi næði fótfestu á markaðnum. Á miðju ári 2007 hóf nýtt apótek starfsemi á Akranesi, Apótek Vesturlands, í samkeppni við apótek Lyfja og heilsu, sem fyrir var á staðnum. Lyf og heilsa reyndi að koma í veg fyrir samkeppnina með ýmsum hætti. Til dæmis reyndu forsvarsmenn Lyfja og heilsu að fá stofnanda Apóteks Vesturlands til að hætta við stofnun fyrirtækisins og gerast starfsmaður þeirra í staðinn. Einnig hóf Lyf og heilsa sérþæka verðlækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum og beitti svokölluðum baráttuafsláttum. Aðgerðirnar voru umfangsmiklar og til þess fallnar að senda skýr skilaboð til annarra aðila um að ekki myndi borga sig að reyna að keppa við fyrirtækið. Taldi eftirlitið brotið á 11. gr. vera alvarlegt og lagði sekt á fyrirtækið að fjárhæð 130 m. kr.

Ekki íhlutun

Samruni Ívars ehf. og Lýsis hf.

Númer máls: 5/2010

Efni máls: Samrunamál

Ívar ehf. sem var undir óbeinum yfirlitum fjárfestingarfélagssins Fram ehf. eignaðist 84% hlutafjár í Lýsi hf. með kaupsamningi dags. 29. desember 2008. Fram ehf. átti eignarhluti í ýmsum félögum en Ísfélag Vestmannaeyja hf. er undir yfirlitum Fram. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.

Íhlutun

Yfirtaka Arion banka hf. á 1998 ehf.

Númer máls: 6/2010

Efni máls: Samrunamál

Arion banki eignaðist allt hlutafé í 1998 ehf., móðurfélagi Haga hf., í kjölfar fullnustuaðgerða gagnvart félaginu. Fyrir átti Arion banki hagsmuna að gæta tengda ýmsum atvinnufyrirtækjum sem starfa á sömu eða tengdum mörkuðum. Þeirra á meðal eru Penninn, Valitor og Reitir. Var samruninn samþykktur með ítarlegum skilyrðum.

Íhlutun

Samruni Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. og Teymis hf.

Númer máls: 7/2010

Efni máls: Samrunamál

BI hf. eignaðist meirihluta hlutafjár í Teymi hf. í kjölfar nauðasamninga félagsins. Samkeppniseftirlitið hafði áður fjallað um samrunann og ákveðið að aðhafast ekki, sbr. ákvörðun nr. 34/2009. Þeirri niðurstöðu var snúið af áfrýjunarnefnd samkeppnismála í máli nr. 18/2009. Í kjölfar nýrrar rannsóknar Samkeppniseftirlitsins ákvað eftirlitið að heimila samrunann með skilyrðum.

Íhlutun

Yfirtaka Íslandsbanka hf. á bifreiðaumboðunum Bifreiðum og landbúnaðarvélum ehf. og Ingvari Helgasyni ehf.

Númer máls: 8/2010

Efni máls: Samrunamál

Íslandsbanki öðlaðist yfirráð yfir tveimur bifreiðaumboðum í kjölfar vanskila eigenda þeirra við bankann. Var samruninn samþykktur með skilyrðum.

Ekki íhlutun

Kaup Landsvirkjunar á hlut í Þeistareykjum ehf.

Númer máls: 9/2010

Efni máls: Samrunamál

Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um að Landsvirkjun hefði öðlast yfirráð yfir Þeistareykjum ehf. í kjölfar þess að félagið eignaðist tæplega þriðjung hlutafjár til viðbótar við þann þriðjung sem Landsvirkjun átti þegar. Þeistareykir ehf. vinna að rannsóknum og undirbúningi virkjunar á samnefndu svæði. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að ástæða væri til íhlutunar.

Íhlutun

Yfirtaka Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. á Húsasmiðjunni ehf.

Númer máls: 10/2010

Efni máls: Samrunamál

Samkeppniseftirlitið setti yfirtöku Eignarhaldsfélagsins Vestia, dótturfélags NBI hf. (Landsbankans), á Húsasmiðjunni ehf. ítarleg skilyrði, sem miðuðu að því að draga úr samkeppnisröskun sem stafað gæti af eignarhaldi bankans á fyrirtækinu. Hafa Vestia og Landsbankinn, með undirritun sáttar, fallist á að hlíta þeim skilyrðum sem sett voru fram í ákvörðuninni.

Ekki íhlutun

Kaup IP verktaka ehf. á Íslenskum aðalverktökum hf.

Númer máls: 11/2010

Efni máls: Samrunamál

Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um yfirtöku IP verktaka á Íslenskum aðalverktökum með bréfi dags. 1. mars 2010. IP verktakar eru dótturfélag Marti Holding AG en starfsemi þess á Íslandi hefur takmarkast við þátttöku í gerð Óshlíðarganga. Íslenskir aðalverktakar stunda hins vegar umfangsmikla verktakastarfsemi á Íslandi. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.

Ekki íhlutun

Yfirtaka Arion banka hf. á Drögum ehf.

Númer máls: 12/2010

Efni máls: Samrunamál

Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um yfirtöku Arion banka hf. á Drögum ehf. Drög voru móðurfélag Íslenskra aðalverktaka en við meðferð samrunamálsins var sá eignarhluti Draga seldur, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2010, (Kaup IP verktaka ehf. á Íslenskum aðalverktökum hf.). Eftir stóðu önnur dótturfélög Draga en starfsemi á vegum þeirra félaga felst í umsjón með lóðakaupum, þróun og sölu byggingarlóða. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.

Ekki íhlutun

Yfirtaka Sparisjóðabanka Íslands hf. á RT veitingum ehf.

Númer máls: 13/2010

Efni máls: Samrunamál

Sparisjóðabanki Íslands hf. yfirtók allt hlutafé í RT veitingum ehf. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.

Ekki íhlutun

Yfirtaka Sparisjóðabanka Íslands hf. á Mörgu smáu ehf.

Númer máls: 14/2010

Efni máls: Samrunamál

Sparisjóðabanki Íslands hf. yfirtók 65% hlut í Mörgu smáu ehf. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.

Yfirtaka Arion banka, NBI, Íslandsbanka, Haf funding og Glitnis á Reitum

Númer máls: 15/2010

Efni máls: Samrunamál

Arion banki, NBI, Íslandsbanki, Haf Funding, Glitnir og Byr tilkynntu Samkeppniseftirlitinu að félögin hefðu öðlast sameiginleg yfirræð yfir Reitum fasteignafélagi. Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins. Viðskiptabankarnir þrír sem að yfirtökunni standa hafa háa markaðshlutdeild á viðskiptabankamarkaði hver fyrir sig. Með samrunanum færðist stór hluti markaðarins fyrir útleigu á verslunar- og atvinnuhúsnæði undir yfirræð viðskiptabankanna og fleiri félaga. Þar sem fasteignafélög hafa jafnan lágt eiginfjárlutfall og reiða sig því mikið á lánsfé við fjármögnun sköpuðu þessi tengsl verulega hættu á röskun á samkeppni.

Samkeppniseftirlitið taldi samrunann raska samkeppni og samþykkti hann því með skilyrðum sem samrunaaðilar féllust á. Á meðal skilyrða má nefna að lögð er sú skylda á hluthafana að selja Reiti innan tilskilins tíma. Jafnframt er mælt fyrir um ýmis skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yfirræðum hluthafanna og tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaði.

Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Bevís hf.

Númer máls: 16/2010

Efni máls: Samrunamál

Samkeppniseftirlitið setti yfirtöku Íslandsbanka hf. á Bevís hf. ítarleg skilyrði, sem miða að því að draga úr samkeppnisröskun sem stafað getur af eignarhaldi bankans á fyrirtækinu. Íslandsbanki féllst á að hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðuninni, með undirritun sáttar.

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á meintri misnotkun Mjólkursamsölnunar ehf. á markaðsráðandi stöðu

Númer máls: 17/2010

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn á meintri misnotkun Mjólkursamsölnunar ehf. á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu á mjólkurvörum með hútleit í júní 2007. Tilefni rannsóknarinnar voru ábendingar frá Mjólkur ehf. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að þau gögn sem aflað var í málinu gæfu til kynna að MS hefðu brugðist við aukinni samkeppni á markaði sem ríkti eftir innkomu Mjólkur á markað árið 2005 og stóð til ársins 2009 af festu og afli. Hin aukna samkeppni hefði veitt Mjólkursamsölnunni umtalsvert og nauðsynlegt aðhald á markaði sem neytendur nutu góðs af með auknu vöruúrvali og lægra verði og ennfremur hærra mjólkurverði til bænda. Gögn málsins gáfu hins vegar ekki til kynna að Mjólkursamsalan hefði farið út fyrir ramma samkeppnislaga. Þannig var ekki leitt í ljós að Mjólkursamsalan hefði með kerfisbundnum og skipulögðum aðgerðum reynt að útiloka keppinauta frá markaði með samkeppnis-hamlandi aðgerðum. Með vísan til þess taldi Samkeppniseftirlitið ekki tilefni til frekari aðgerða.

Heimild fyrir Fjölgreiðslumiðlun hf. til að stýra innleiðingu og kynningu á örgjörvataekni vegna greiðslukorta

Númer máls: 18/2010

Efni máls: Annað

Samkeppniseftirlitið veitti Fjölgreiðslumiðlun hf. undanþágu frá bannreglu 10. gr. skv. heimild 15. gr. samkeppnislaga til að hafa forgöngu um sameiginlegt átak markaðsaðila og annarra hagsmunaaðila um innleiðingu örgjörva (EMV) í greiðslukort og notkun þeirra á Íslandi. Undanþágunni voru hins vegar sett ítarleg skilyrði.

Yfirtaka Regins ehf. á Fasteignafélagi Íslands ehf.

Númer máls: 19/2010

Efni máls: Samrunamál

Fasteignafélagið Reginn ehf., dótturfélag viðskiptabankans NBI hf., tilkynnti Samkeppniseftirlitinu um yfirtöku sína á Fasteignafélagi Íslands. Meginstarfsemi Fasteignafélags Íslands felst í rekstri verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar. Áður hafði stór hluti markaðarins fyrir útleigu á verslunar- og atvinnuhúsnæði

færst undir yferráð viðskiptabankanna og fleiri félaga sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2010. Þar sem fasteignafélög reiða sig gjarnan verulega á lánsfé við fjármögnun, þ.e. eiginfjárlutfall þeirra er jafnan lágt, skapa þessi tengsl verulega hættu á því að samkeppni sé raskað.

Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að yfirtakan raskaði samkeppni og að nauðsynlegt væri að setja samrunanum skilyrði. Féllust samrunaaðilar á að hlíta þeim skilyrðum sem sett voru fram í ákvörðuninni.

Íhlutun

Yfirtaka Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf., á Plastprenti hf.

Númer máls: 20/2010

Efni máls: Samrunamál

Samkeppniseftirlitið setti yfirtöku Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. (dótturfélagi Landsbankans) á Plastprenti hf. ítarleg skilyrði, sem miða að því að draga úr samkeppnisröskun sem stafað getur af eignarhaldi bankans á fyrirtækinu en Plastprent hefur sterka stöðu á markaðnum fyrir framleiðslu á plastvörum. Vestia féllst á að hlíta þeim skilyrðum sem sett voru fram í ákvörðuninni, með undirritun sáttar.

Íhlutun

Yfirtaka Arion banka hf. á Þyrpingu ehf.

Númer máls: 21/2010

Efni máls: Samrunamál

Arion banki tók yfir eignir og rekstur Þyrpingar ehf. en reksturinn samanstóð af fasteignaþróunarverkefnum og útleigu á atvinnu- og verslunarhúsnæði. Áður hafði stór hluti markaðarins fyrir útleigu á verslunar- og atvinnuhúsnæði færst undir yferráð viðskiptabankanna og fleiri félaga sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2010. Þar sem fasteignafélög reiða sig gjarnan verulega á lánsfé við fjármögnun, þ.e. eiginfjárlutfall þeirra er jafnan lágt, skapa þessi tengsl verulega hættu á því að samkeppni sé raskað.

Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að yfirtakan raskaði samkeppni og að nauðsynlegt væri að setja samrunanum skilyrði. Féllust samrunaaðilar á að hlíta þeim skilyrðum sem sett voru fram í ákvörðuninni. Á meðal skilyrða má nefna að lögð er sú skylda á bankann að selja eignir fasteignafélaga í sinni eigu eins fljótt og auðið er. Jafnframt var mælt fyrir um ýmis skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yferráðum Arion banka og tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaði.

Íhlutun

Yfirtaka Íslandsbanka á Eik Properties ehf.

Númer máls: 22/2010

Efni máls: Samrunamál

Íslandsbanki hf. tilkynnti Samkeppniseftirlitinu um yfirtöku sína á Eik Properties ehf. Starfsemi félagsins felst í útleigu verslunar- og atvinnuhúsnæðis. Áður hafði stór hluti markaðarins fyrir útleigu á verslunar- og atvinnuhúsnæði færst undir yferráð viðskiptabankanna og fleiri félaga sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2010. Þar sem fasteignafélög reiða sig gjarnan verulega á lánsfé við fjármögnun, þ.e. eiginfjárlutfall þeirra er jafnan lágt, skapa þessi tengsl verulega hættu á því að samkeppni sé raskað.

Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að yfirtakan raskaði samkeppni og að nauðsynlegt væri að setja samrunanum skilyrði. Féllust samrunaaðilar á að hlíta þeim skilyrðum sem sett voru fram í ákvörðuninni. Á meðal skilyrða má nefna að lögð var sú skylda á Íslandsbanka að selja Eik innan tilskilins tíma. Jafnframt var mælt fyrir um ýmis skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yferráðum Íslandsbanka og tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaði.

Ekki íhlutun

Ósk Samtaka fjármálafyrirtækja um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna úrlausna á greiðsluvanda fyrirtækja

Númer máls: 23/2010

Efni máls: Undanþágu

Samkeppniseftirlitið veitti Samtökum fjármálafyrirtækja heimild til þess að gefa út reglur í því skyni að samræma úrlausnir greiðsluvanda fyrirtækja í samræmi við ákvæði laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja.

Íhlutun

Undanþága vegna samstarfs aðildarféлага Samtaka fjármálafyrirtækja um dómsmál vegna lána í erlendri mynt

Númer máls: 24/2010

Efni máls: Undanþágur

Samkeppniseftirlitið veitti Samtökum fjármálafyrirtækja fyrir hönd aðildarféлага sinna heimild til samstarfs um dómsmál vegna lána í erlendri mynt. Heimildin var bundin skilyrðum.

Ekki íhlutun

Yfirtaka Sparisjóðabanka Íslands hf. á S. Helgasyni ehf.

Númer máls: 25/2010

Efni máls: Undanþágur

Sparisjóðabanki Íslands hf. yfirtók allt hlutafé í S. Helgasyni ehf. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.

Íhlutun

Starfsemi Íslandsrótar Auðkennis

Númer máls: 26/2010

Efni máls: Undanþágur

Félagið Auðkenni sem rekur m.a. svokallað Auðkennislyklakerfi óskaði eftir undanþágu frá bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga vegna reksturs Íslandsrótar á vegum félagsins. Íslandsrót er gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um rafræn skilríki og auðkenni skv. þeim. Til stóð að hýsa á debetkortum einkalykil fólks sem geymir auðkenni þeirra. Þann lykil má svo nota til auðkenningar á lýðnetinu og til rafrænna undirskrifta. Samkeppniseftirlitið hafði þegar fjallað um samstarf greiðslukortafyrirtækja vegna útgáfu korta með örgjörva sbr. ákvörðun nr. 18/2010 (Heimild fyrir Fjölgreiðslumiðlun hf. til að stýra innleiðingu og kynningu á örgjörvatækni vegna greiðslukorta). Samkeppniseftirlitið taldi rétt að veita Auðkenni undanþágu frá banni samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samstarfi vegna reksturs Íslandsrótar þar sem skilyrðum slíkrar undanþágu væri fullnægt. Var undanþágan bundin skilyrðum og tímabundin.

Íhlutun

Brot Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði á 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga

Númer máls: 27/2010

Efni máls: Ólögmætt samráð

Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði (SART) undirgengust sátt við Samkeppniseftirlitið þar sem samtökin viðurkenna að hafa brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga með útgáfu og beitingu samskiptareglna aðildarféлага SART. Fallast samtökin á að greiða stjórnvaldssektir vegna þessa sem og að hlíta tilteknum skilyrðum. Samkvæmt sáttinni fallast SART á að greiða fjórar milljónir króna í stjórnvaldssekt. Við mat á fjárhæð sekta var litið til veltu samtakanna og aðildarfyrtækja þeirra, sbr. 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga.

Ekki íhlutun

Samruni Kynnisferða ehf. og S.B.K. ehf.

Númer máls: 28/2010

Efni máls: Samrunamál

Vegna fréttaflutnings um kaup Kynnisferða ehf. á 100% eignarhlut í S.B.K. ehf. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir tilkynningu um samruna félaganna þrátt fyrir að félögin uppfylltu ekki veltuskilyrði samrunaákvæða samkeppnislaga. Félögin stunda bæði fólksflutninga á landi en kjarnastarfsemi þeirra er þó ólík. Ekki var talið tilefni til að aðhafast vegna samrunans.

Ekki íhlutun

Kaup Lyfjapjónustunnar ehf. á Parlogis ehf.

Númer máls: 29/2010

Efni máls: Samrunamál

Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um samruna Lyfjapjónustunnar ehf. og Parlogis ehf. Fyrirnefnda fyrirtækið er að miklu leyti í eigu sömu aðila og eiga Icepharma hf., markaðsfyrirtæki sem selur lyf, hjúkrunarvörur o.fl., en Parlogis er vörustjórnunarfyrtæki sem þjónustar fyrirtæki á heilbrigðismarkaði. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.

Íhlutun

Brot Ívars ehf. á skyldu til þess að tilkynna um samruna

Númer máls: 30/2010

Efni máls: Samrunamál

Eignarhaldsfélagið Ívar ehf. gekkst undir sátt við því að hafa brotið gegn banni samkeppnislaga með því að hafa framkvæmt samruna félagsins og Lýsis hf. áður en um hann var tilkynnt til Samkeppniseftirlitsins og áður en ákvörðun eftirlitsins lá fyrir um að samruninn hindraði ekki virka samkeppni. Samkvæmt sáttinni bar Ívari ehf. að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 12 milljónir króna.

Íhlutun

Yfirtaka Arion banka hf. á B.M. Vallá ehf.

Númer máls: 31/2010

Efni máls: Samrunamál

Arion banki tók yfir tiltekna eignir og ákveðna þætti í rekstri B. M. Vallár. Reksturinn samanstendur af framleiðslu á steinsteypu, hellum og ýmsum skyldum vörum. Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að yfirtakan raskaði samkeppni og að nauðsynlegt væri að setja samrunanum skilyrði. Féllust samrunaaðilar á að hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðuninni. Um er að ræða ítarleg skilyrði, sem miða að því að draga úr samkeppnisröskun sem stafað getur af eignarhaldi bankans á fyrirtækinu. Arion banki féllst á að hlíta þeim skilyrðum sem sett voru fram í ákvörðuninni, með undirritun sáttar. Við vinnslu málsins voru einnig hafðar til hliðsjónar kvartanir og ábendingar sem Samkeppniseftirlitinu hafa borist.

Á meðal skilyrða má nefna að lögð var á sú skylda á Arion banka að B.M. Vallá yrði selt eins fljótt og auðið væri. Jafnframt var mælt fyrir um ýmis skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yfirráðum Arion banka og tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaði.

Íhlutun

Yfirtaka NBI hf. á Límtré Vírnet ehf.

Númer máls: 32/2010

Efni máls: Samrunamál

Landsbanki Íslands tók yfir tiltekna eignir B. M. Vallár. Um var að ræða rekstrareiningar sem reknar hafa verið undir merkjum Límtrés Vírnets ehf. Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað um yfirtöku Arion banka hf. á B. M. Vallá sbr. ákvörðun nr. 31/2010. Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að yfirtakan raskaði samkeppni og að nauðsynlegt væri að setja samrunanum skilyrði. Féllust samrunaaðilar á að hlíta þeim skilyrðum sem sett voru fram í ákvörðuninni. Um er að ræða ítarleg skilyrði, sem miða að því að draga úr samkeppnisröskun sem stafað getur af eignarhaldi bankans á fyrirtækinu. Landsbankinn féllst á að hlíta þeim skilyrðum sem sett voru fram í ákvörðuninni, með undirritun sáttar. Við vinnslu málsins voru einnig hafðar til hliðsjónar kvartanir og ábendingar sem Samkeppniseftirlitinu höfðu borist.

Á meðal skilyrða má nefna að lögð var á sú skylda á Landsbankann að Límtré Vírnet yrði selt eins fljótt og auðið væri. Jafnframt var mælt fyrir um ýmis skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yfirráðum NBI hf. og tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaði.

Íhlutun

Samkeppnishömlur í tengslum við forverðmerkingar á kjötvörum

Númer máls: 33/2010

Efni máls: Ólögmaett samráð

Sex kjötvinnslufyrirtæki ásamt verslunum Bónuss í eigu Haga voru sektuð fyrir brot á 10. gr. samkeppnislaga vegna samkeppnishamlandi samvinnu um verð. Þetta gerðu fyrirtækin með tvíhliða samningum eða samstilltum aðgerðum í tengslum við smásöluverðlagningu á kjöti og unnum kjötvörum sem kjötvinnslufyrirtækin hafa verðmerkt fyrir Haga (svokölluð forverðmerking).

Eftir að fyrirtækjunum hafði verið kynnt frumniðurstaða Samkeppniseftirlitsins í málinu sneru þau sér hvert í sínu lagi til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir því að ljúka málinu með sátt. Á þeim grundvelli nýtti Samkeppniseftirlitið heimild

samkeppnislaga og gerði sátt við eftirfarandi fyrirtæki. Í þeim fólst m.a. að fyrirtækin viðurkenndu brot á 10. gr. samkeppnislaga og greiddu sekt vegna þeirra:

Hagar, 270 m.kr.

Sláturfélag Suðurlands og Reykjagarður, 45 m.kr. samtals. Þessi fyrirtæki eru hluti af sömu samstæðu.

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga, 40 m.kr.

Norðlenska, 30 m.kr.

Kjarnafæði, 20 m.kr.

Kjötbankinn. Ekki voru forsendur til álagningar sekta m.a. vegna gjaldþrots fyrirtækisins.

Síld og fiskur og Matfugl óskuðu eftir sáttaviðræðum við Samkeppniseftirlitið en þær viðræður skiluðu ekki niðurstöðu. Þáttur þessara fyrirtækja er því enn til rannsóknar. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2010 tók því aðeins til þeirra fyrirtækja sem gert höfðu sátt við eftirlitið.

Ekki íhlutun

Yferráð Auðar I fagfjárfestasjóðs slf. yfir Já upplýsingaveitum ehf.

Númer máls: 34/2010

Efni máls: Samrunamál

Auði I fagfjárfestasjóði er stýrt af Auði Capital. Félagið sér um rekstur sjóðsins en formlega eru hlutir í eigu hans eign sjóðfélaga. Þar sem Auður I stýrir sjóðnum kom starfsemi þeirra þó ekki til skoðunar. Já upplýsingaveitur gefa út símaskrána, reka vefsetrið já.is og reka upplýsingasímann 118 og 1818. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna kaupanna.

Ekki íhlutun

Samkomulag fjármálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, fjármálafyrirtækja og hagsmunasamtaka atvinnulífsins um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Númer máls: 35/2010

Efni máls: Undanþágur

Á fundi hinn 15. nóvember 2010 kynntu fulltrúar efnahags- og viðskiptaráðuneytisins Samkeppniseftirlitinu fyrirhugað samkomulag um samræmda úrlausn skuldavanda fyrirtækja með sérstakri áherslu á lítill og meðalstór fyrirtæki. Samkomulagið byggir á eldra samkomulagi Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um gerð samræmdra verklagsreglna um aðferðafræði við endurskipulagningu fyrirtækja í samræmi við ákvæði laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Á fundinum kom fram ósk um að Samkeppniseftirlitið veitti aðilum samkomulagsins undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 við ólögmaetu samráði, sbr. 15. gr. sömu laga.

Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitti Samkeppniseftirlitið fjármálaráðuneytinu f.h. ríkissjóðs, efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, Félagi atvinnurekenda, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja f.h. aðildarfélaga og Dróma hf. og Viðskiptaráði Íslands heimild til þess að gera og framkvæma samkomulag um aðferðafræði við mat á skuldavanda fyrirtækja og endurskipulagningu þeirra. Tekur heimild þessi til þeirra reglna sem ofangreindir aðilar rituðu undir hinn 15. desember 2010 og kynntar hafa verið undir heitinu: „Samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja.“

Íhlutun

Yfirtaka Byrs sparisjóðs á Byr hf.

Númer máls: 36/2010

Efni máls: Samrunamál

Byr sparisjóður tilkynnti Samkeppniseftirlitinu um yferráð sín yfir Byr hf. Byr sparisjóði er stýrt af skilanefnd sem sett var yfir félagið af Fjármálaeftirlitinu. Byr hf. hefur með höndum þann bankarekstur sem áður tilheyrði Byr sparisjóði. Samkeppniseftirlitið taldi að samkeppnislegt sjálfstæði Byrs hf. kynni að vera skert með samrunanum, ekki hvað síst í ljósi þess að sú staða gæti komið upp að sömu kröfuhafar yrðu áberandi beggja megin, þ.e. hjá Byr sparisjóði annars vegar og Kaupþingi og/eða Glitni banka hins vegar en þeir eru stærstu eigendur Arion banka og Íslandsbanka. Kæmi sú staða upp gæti hún raskað samkeppni. Voru samrunanum sett skilyrði í framhaldi af viðræðum við aðila málsins í því skyni að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Byrs. Felst í skilyrðunum að Byr sparisjóður skuldbindur sig til þess að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Byrs hf. m.a. með því að tryggja að í stjórn Byrs hf. sitji einstaklingar sem eru óháðir öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum sem starfa á sama markaði.

Pátttaka Vinnumálastofnunar á markaði fyrir vinnumiðlun og atvinnuauglýsingar

Númer máls: 1/2010

Efni máls: Samrunamál

Samkeppniseftirlitinu barst kvörtun frá Job.is/Nettengslum ehf. vegna starfsemi Vinnumálastofnunar á markaði fyrir vinnumiðlun og atvinnuauglýsingar. Á grundvelli kvörtunarinnar beindi Samkeppniseftirlitið álit nr. 1/2010 til Vinnumálastofnunar.

Í álitinu er rakið hvaða áhrif það hefur á einkareknar vinnumiðlanir í núverandi efnahagsástandi að atvinnurekendur nýti sér frekar gjaldfrjálsa þjónustu Vinnumálastofnunar en þjónustu þeirra fyrrnefndu. Samkeppni á markaðnum gæti því verið hætta búin. Í því skyni að efla og örva samkeppni á markaði fyrir einkareknar vinnumiðlanir beinir eftirlitið eftirfarandi til-mælum til Vinnumálastofnunar:

- Vinnumálastofnun birti með meira áberandi hætti en nú er gert tengla á heimasíður einkarekinna vinnumiðlana, þar sem auglýsingar um laus störf birtast. Þannig beini Vinnumálastofnun þeim sem leita til stofnunarinnar í atvinnuleit í ríkari mæli til hinna einkareknu vinnumiðlana sem starfa á markaðnum til að afla upplýsinga um laus störf á vegum þeirra og ráðgjöf að öðru leyti.
- Vinnumálastofnun hafi nánara samstarf við einkareknar vinnumiðlanir um veitingu þjónustu, t.d. með því að nýta skráningar- og úrvinnsluferfi þeirra. Getur þetta m.a. átt við um eftirlit með þeim sem eru skráðir atvinnulausir og umsóknarferli þeirra eða greiningu á kröfum atvinnurekenda til um-sækjenda og mat á því hvaða atvinnuleitendur uppfylli viðkomandi kröfur. Til greina kæmi að bjóða út tiltekna verkþætti eða gera þjónustusamninga við einkareknar vinnumiðlanir.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 17/2009

Efni máls: Annað

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem birt var með bréfi, dagsettu 13. október 2009, þess efnis að neita Valitor hf. um aðgang að trúnaðarupplýsingum í kafla 5.3.2 í kvörtun Borgunar hf. til Samkeppniseftirlitsins. Var lagt fyrir Samkeppniseftirlitið að taka á ný afstöðu til kröfu Valitors hf. í samræmi við forsendur úrskurðarins.

Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 18/2009

Efni máls: Samrunamál

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2009 um að ekki væri ástæða til að afhafast frekar vegna samruna Vestia hf. og Teymis hf. Var lagt fyrir Samkeppniseftirlitið að taka málið fyrir að nýju og ákveða skilyrði fyrir samrunanum í samræmi við sjónarmið sem fram koma í úrskurðinum.

Halldór Guðbjarnarson gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 1/2010

Efni máls: Annað

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að synja Halldóri um aðgang að gögnum í máli eftirlitsins sem lauk með ákvörðun nr. 4/2008. Halldór var ekki aðili að máli nr. 4/2008, ákvörðunin beindist ekki að honum og hafði ekki bein réttaráhrif fyrir hann þótt hann hafi á þeim tíma sem um ræddi gegnt trúnaðarstörfum fyrir tvö þeirra fyrirtækja sem ákvörðunin tók til. Þar sem málið varðaði hann hvorki beint né sérstaklega var ekki hægt að fallast á aðild hans að málinu og þar með var honum synjað um aðgang að gögnum á grundvelli þess að hann ætti ekki aðild að málinu.

Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 2/2010
Efni máls: Annað
Dags: 15. mars 2010

Í hinni kærðu ákvörðun var aukið við skilyrði fyrri ákvörðunar eftirlitsins þar sem m.a. voru lagðar þær skyldur á Símann að birta sérstaklega sundurliðað verð fyrirtækisins fyrir ýmsa þjónustu og sjá til þess að önnur fjarskiptafélög, sem þess óska, geti mótttekið sjónvarpsmerki Sjónvarps Símans til dreifingar á sama stað í dreifikerfi fyrirtækisins. Réttaráhrifum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins frá 18. desember 2009 í máli nr. 41/2009 er vörðuðu viðbætur við 5. og 7. tl. ákvörðunarorða ákvörðunar Samkeppnisráðs nr. 10/2005 var frestað.

Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 2/2010
Efni máls: Misnotkun á markaðs-
ráðandi stöðu
Dags: 28. apríl 2010

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, nr. 41/2009, þess efnis að Símann hafi brotið gegn skilyrðum ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2005 en lækkaði sekt fyrirtækisins úr 150 m.kr. í 50 m.kr. Nefndin var þó ekki sammála eftirlitinu um að fyrir hendi væru lagaskilyrði til að bæta við skilyrði ákvörðunar nr. 10/2005 og felldi því þær breytingar úr gildi.

Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 3/2010
Efni máls: Annað

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins þess efnis að ekki væri skylt að afhenda Valitor upplýsingar um nöfn og verðtilboð sem finna mátti í kvörtun Borgunar. Valitor taldi að skilyrði 17. gr. stjórnslulaga og 16. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins væru ekki uppfyllt sem þýða myndi að fyrirtækið fengi aðgang að upplýsingunum. Ekki var fallist á þetta sjónarmið Valitors fyrir áfrýjunarnefndinni.

X gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 4/2010
Efni máls: Annað

X kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að hann hefði ekki sýnt fram á að líklegt væri að hegðun Lauga ehf. fæli í sér brot á samkeppnislögum en eftirlitið taldi ekki ástæðu til frekari skoðunar málsins. Réðist mat eftirlitsins ekki af mati á því hvort hin kærða háttsemi varðaði við samkeppnislög, heldur réðist afgreiðslan fyrst og fremst af mati á aðstæðum stofnunarinnar, alvarleika meintrar háttsemi og því að ekki væri um mikilvægan neytendamarkað að ræða. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti framangreinda niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

Lyf og heilsa hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 5/2010
Efni máls: Misnotkun á markaðs-
ráðandi stöðu

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2010 að Lyf og heilsa hefði með aðgerðum sínum brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með því að hindra innkomu apóteks Vesturlands á markaðinn fyrir smásölu lyfja á Akranesi, með því að beita sértækum afsláttum, svokölluðum baráttuafsláttum.

Steinsnar ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 7/2010
Efni máls: Opinberar
samkeppnishömlur

Samtök ferðaþjónustunnar f.h. Steinsnars ehf. kröfðust endurupptöku máls eftirlitsins nr. 25/2009 þar sem Samkeppniseftirlitið hafði talið að ekki væru lagaskilyrði til íhlutunar á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga um fjárhagslegan aðskilnað Borgarbyggðar á rekstri tjaldsvæðis. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um að ekki væru uppfyllt skilyrði til endurupptöku skv. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga eða ólögfesta reglna stjórnsluréttarins.

Samtök iðnaðarins og Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 8/2010

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Samkeppniseftirlitinu barst erindi þar sem krafist var að mælt yrði fyrir um fjárhagslegan aðskilnað tiltekins rekstrarþáttar hjá Vestmannaeyjabæ. Annars vegar þess hluta rekstrar hafnarsjóðs Vestmannaeyjabæjar sem felur í sér fjárfestingu, rekstur og leigu á upptökumannvirkjum fyrir skip, en sú starfsemi væri í samkeppni við aðra aðila á skipaiðnaðarmarkaði, og hins vegar annarra þátta í rekstri hafnarsjóðs og starfsemi Vestmannaeyjabæjar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að gögn málsins gæfu ekki ástæðu til frekari málsmeðferðar af hálfu eftirlitsins.

Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 9/2010

Efni máls: Annað

Samkeppniseftirlitið ákvað að afhenda Kortaþjónustunni ehf. þau gögn sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 var reist á. Valitor hf. kærði þá gagnaafhengingu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þann 15. júní 2010. Áfrýjunarnefndin vísaði málinu frá þar sem nefndina skorti lagastoð til að fjalla um kæruefnið, en það byggði á meginreglum upplýsingalaga nr. 50/1996.

Tónskóli Hörpunnar gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 10/2010

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að hefja ekki rannsókn á meintu broti Reykjavíkurborgar við úthlutun og skiptingu fjárframlaga borgarinnar til tónlistarskóla.

Vífilfell hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 12/2010

Efni máls: Misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu

Samkeppniseftirlitið synjaði Vífilfelli um aðgang að gögnum sem lágu til grundvallar frumniðurstöðu rannsóknar eftirlitsins á ætlaðri misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að öðru leyti en því að Vífilfelli skyldi afhent nánar tiltekin skjöl um ákveðin fyrirtæki.

Dómar - hérað

Icelandair ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Dags. dóms: 02.02.2010

Númer dóms: E-8622/2007

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti í úrskurði í máli nr. 4/2007 þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2007 að Icelandair hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með því að misnota markaðsráðandi stöðu sína á áætunarflugi á flugleiðunum milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar annars vegar og Keflavíkur og London hins vegar. Brotin fólu í sér að Icelandair bauð netfargjöld, svokallaða Netsmelli, að upphæð 16.900 kr., í miklu magni á verði sem stóð ekki undir kostnaði. Um var að ræða skaðlega undirverðlagningu í skilningi samkeppnislaga. Fyrirtækinu var gert að greiða 190 m.kr. en áfrýjunarnefnd lækkaði upphæðina. Icelandair höfðaði mál til ógildingar á úrskurðinum eða lækkunar sektarfjárhæðar. Héraðsdómur staðfesti brot Icelandair gegn 11. gr. samkeppnislaga. Dómurinn, sem var skipaður sérfróðum matsmönnum, taldi að ekki hefði verið tekið tillit til þess kostnaðarhagræðis sem fólst í sölu Netsmella. Þar sem staðfærður kostnaður var talinn lægri en áfrýjunarnefndin miðaði við var munurinn á kostnaði og tekjum mun minni fyrir vikið. Skaðleg undirverðlagning var þó enn til staðar miðað við hið breytta mat. Með hliðsjón af því að um styttra brotatímabil var að ræða og kostnaðarmunur hafði minnkað umtalsvert taldi dómurinn ástæðu til að fallast á varakröfu Icelandair um niðurfellingu sektarfjárhæðarinnar. Samkeppniseftirlitið hefur skotið málinu til Hæstaréttar.

Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Dags. dóms: 19.02.2010

Númer dóms: E-7649/2009

Hagar hf. höfðuðu mál til ógildingar eða lækkunar sekta á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009 sem var staðfesting á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008. Málið snerist um meinta undirverðlagningu Haga á tilteknum vörum sem var talin fela í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins. Niðurstaða héraðsdóms var að Hagar hefðu selt vörur undir breytilegum kostnaði og þar með beitt ólögumætri undirverðlagningu markaðsráðandi fyrirtækis. Undirverðlagningin var svo mikil að vörurnar voru nánast gefins og skipti því engu þótt Samkeppniseftirlitið hefði miðað við innkaupsverð án viðbættra kostnaðarþátta. Héraðsdómur staðfesti úrskurð áfrýjunarnefndar og var Högum gert að greiða 315 m.kr. í stjórnvaldssekt.

Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Dags. dóms: 19.10.2010

Númer dóms: E-2034/2010

Borgun hf. lagði fram skriflega kvörtun til Samkeppniseftirlitsins þann 12. júní 2009 þar sem félagið sakaði Valitor um að hafa brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga og sátt sem fyrirtækið hafði gengist undir við eftirlitið. Samkeppniseftirlitið afhenti Valitor kvörtun Borgunar að frátöldum upplýsingum um verð og nöfn viðskiptamanna. Valitor kærði þá ákvörðun til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti niðurstöðu eftirlitsins. Valtior leitaði til héraðsdóms með málið þar sem fyrirtækið taldi ákvörðun samkeppnisfirvalda ekki eiga sér lagastoð í 17. gr. stjórnisýslulaga eða 16. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins. Samkvæmt umræddum reglum er heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Héraðsdómur taldi að á það yrði fallist að hagsmunir heimildarmanna samkeppnisfirvalda gætu réttlætt nafnleynd þeirra gagnvart markaðsráðandi fyrirtæki þannig að aðgangur málsaðila að gögnum, sem varpað geta ljósi á hverjir þeir séu, sé takmarkaður með vísan til umræddra lagareglna. Eins og háttaði til í málinu taldi héraðsdómur hins vegar ekki liggja fyrir að hagsmunir söluaðila af því að njóta nafnleynar hefðu verið mun ríkari en hagsmunir Valtiors af því að fá fullnægjandi upplýsingar um einstök viðskipti. Því var fallist á með Valitor að úrskurður áfrýjunarnefndar og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hefðu ekki haft fullnægjandi lagastoð og þar með fallist á ógildingu úrskurðar áfrýjunarnefndar og ákvörðunar eftirlitsins.

Vélar og verkfæri ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Dags. dóms: 02.12.2010

Númer dóms: E-202/2010

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um brot Véla og verkfæra ehf. á 11. gr. samkeppnislaga en lækkaði sekt fyrirtækisins úr 15 m.kr. í 10 m.kr. Fyrirtækið höfðuði mál til ógildingar úrskurði áfrýjunarnefndar eða lækkunar sekta. Vélar og verkfæri er eini aðilinn sem flytur inn efni til að framleiða höfuðlyklakerfi og því eru allir seljendur höfuðlyklakerfa háðir fyrirtækinu um efnisöflun og þar með kerfið sjálft. Í samningum fyrirtækisins við viðskiptamenn þess var að finna einkakaupaákvæði þar sem lagt var bann við því að viðskiptamenn seldu eða veittu þjónustu vegna höfuðlyklakerfa frá öðrum en því vörumerki sem Vélar og verkfæri voru með. Vélar og verkfæri héldu því m.a. fram að ástæður umrædds samningsákvæðis hefðu eingöngu verið til að stuðla að öryggi og verndun viðskiptaupplýsinga og vörumerkis. Dómurinn taldi að þegar litið væri á fyrirliggjandi gögn málsins yrði að telja að umrædd samningsákvæði væru ótvírætt til þess fallin að styrkja stöðu fyrirtækisins enn frekar og raska þar með samkeppni. Ekki var fallist á að háttsemin væri heimil með vísan til trúnaðarupplýsinga eða sérleyfissamnings. Þar sem markaðsskilgreiningin á stjórnisýslustigi var rétt og Vélar og verkfæru voru talin í markaðsráðandi stöðu var talið að umrædd samningsákvæði væru ótvírætt til þess fallin að styrkja stöðu fyrirtækisins enn frekar og raska þar með samkeppni. Staðfesti því héraðsdómur brot fyrirtækisins á 11. gr. samkeppnislaga.

Dómar - Hæstiréttur

Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Dags. dóms: 18.11.2010

Númer dóms: 188/2010

Hagar hf. skutu til Hæstaréttar niðurstöðu héraðsdóms þar sem staðfestur hafði verið úrskurður áfrýjunarnefndar og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um brot Haga á 11. gr. samkeppnislaga. Hagar kröfðust þess að niðurstaðan yrði felld úr gildi eða sektir lækkaðar. Fyrirtækið hafði unnið að umfangsmikilli verðlækkun á mjólkurvörum í verslunum Bónuss. Þar sem fyrirtækið var markaðsráðandi var það talið hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að greiða með umræddum vörum. Héraðsdómur sem hafði staðfest niðurstöðu stjórnisýslustigs var staðfestur í Hæstarétti að öllu leyti um brot fyrirtækisins og sekt að fjárhæð 315 m.kr.



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Borgartúni 26, 125 Reykjavík, www.samkeppni.is